

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

109. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn miðvikudaginn 31. ágúst 2022. Fundurinn fór fram í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um ráðningarkjör grunnskólakennara sem kenna 1-4 bekk við Helgafellsskóla og vinna samkvæmt 200 daga kennsluskipulagi.

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

2. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara. Málsnr. 2208027SA

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

3. Framkvæmd vinnuveitenda að greiða leiðbeinendum ekki laun fyrr en undanþága frá Menntamálastofnun liggur fyrir - Málsnr. 2208028SA

Félag grunnskólakennara óskar eftir umræðu um þá framkvæmd vinnuveitenda að greiða leiðbeinendum ekki laun fyrr en undanþága til að starfa sem grunnskólakennari í eitt skólaár hefur fengist frá Menntamálastofnun. Félagið telur að vinnuveitanda sé ekki heimilt að halda eftir launagreiðslum með þeim hætti sem að framan greinir.

Niðurstaða:

SNS tekur málið til skoðunar og leggur fram tillögu að framkvæmd launagreiðslna til leiðbeinenda til að ná utan um þær aðstæður sem um ræðir.

4. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:30.